

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/43
komudagur 29.10.2003



Alþingi Íslendinga
b/t félagsmálanendar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 27. október 2003

Tilvísun: FEL03100062/0004/GB/--

Vísað er til erindis félagsmálanefndar, dags. 15. október 2003, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla.

Ráðuneytið telur rétt að benda á að málefni leikskóla eru verkefni menntamálaráðuneytis, sbr. 3. gr. laga um leikskóla, nr. 78/1994. Telur ráðuneytið því rétt að forræði samstarfsverkefnis um gjaldfrjálsan leikskóla verði falið menntamálaráðuneytinu, verði þingsályktunartillagan samþykkt.

Jafnframt telur ráðuneytið rétt að vekja athygli félagsmálanefndar á því að í tengslum við átak í sameiningu sveitarfélaga hefur félagsmálaráðherra ákveðið að skipa nefnd sem hefur það hlutverk að gera tillögur um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga að nýrri sveitarfélagaskipan og breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Telur ráðuneytið mikilvægt, ef þingsályktunartillagan verður samþykkt, að tryggt verði að samráð verði haft við umrædda nefnd og verkefnisstjórn sem leiðir átaksverkefnið, enda er ljóst að tillagan felur í sér mikil fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin hér á landi.

F. h. r.

Guðjón Bragason

Þór G. Þórarinsson